



Reykjavík, 30. ágúst 2024

MSS24060125

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um laun og launatengd gjöld á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um laun og launatengd gjöld þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. júní 2024. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar svara af hverju launatengd gjöld eru mun hærri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði en hjá öðrum sviðum borgarinnar. Eins og kemur fram í uppgjöri sem lagt var fram á fundi stafræns ráðs 12. júní sl. sker sviðið sig töluvert úr hvað þetta varðar eins og sést á prósentuhlutföllum launatengdra gjalda eftir sviðum Reykjavíkurborgar sem eru eftirfarandi: 18,8 % hjá SFS, 18,5% hjá VEL, 18,4% hjá MÍR, 18,7% hjá USK, 18% hjá RHS, 18,8% hjá FÁS, 18,7% hjá MSS og 32,2 % hjá ÞON. Spurt er hvort þarna sé einnig verið að bóka kostnað vegna verktaka sem launatengdan kostnað og ef svo er hvort það sé eðlileg bókfærsla. Vert er að taka það fram að hjá Rafrænni þjónustumiðstöð eru launatengd gjöld hærri en laun og árið 2022 voru launatengd gjöld 40% af heildarlaunakostnaði sviðsins. Óskað er skýringar á þessu.“

Svar:

Samkvæmt greinargerð sem fylgdi þriggja mánaða uppgjöri sviðsins eru laun og launatengd gjöld þjónustu- og nýsköpunarsviðs í heildina 388.304.329 en sú upphæð tekur mið af því að búið sé að draga frá eignfærð laun að upphæð 278.985.615. Launatengd gjöld á fyrstu þrem mánuðum ársins eru 125.377.304 sem gerir 18,8% af heildarlaunum sviðsins. Sjá skiptingu í töflu hér fyrir neðan.

Laun og launatengd gjöld	667.289.944
Þar af launatengd gjöld	125.377.304
Hlutfall launatengdra gjalda	18,8%
Eignfærsla	-278.985.615
Gjaldfærsla	388.304.329



Reykjavík



Verktakar eru ekki launþegar Reykjavíkurborgar og er kostnaður vegna þeirra því ekki færður sem launakostnaður.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík